

Kröfur 2004

Sveigjanleiki

Sérstök hækkun lægstu launa

4-5% launahækkun á ári

- 
- Samkynhneigðir og vinnumarkaðurinn
 - Laun æðstu stjórnenda



Hver eru eðlileg laun æðstu stjórnenda?

Á síðasta ári urðu miklar umræður í þjóðfélaginu um kaup og kjör æðstu stjórnenda íslenskra fyrirtækja og blandaðist ég inn í þær umræður í ljósi setu minnar í stjórn KB banka fyrir hönd Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Það að skipa menn í stjórnir fyrirtækja hefur kosti og galla. Kostirnir eru þeir helstir að þá má betur fylgjast með gangi mála en ókostirnir eru að hagsmunaaðreksrar geta orðið. Hér í blaðinu má sjá umfjöllun Siðfræðistofnunar HÍ og umfjöllun Nýársfundar trúnaðarráðs VR og trúnaðarmanna um þessi mál.

Ef formaður stéttarfélags á að sitja í slíkum stjórnnum er nauðsynlegt að hann hafi til þess stuðning og að félagið marki skýra stefnu um hlutverk fulltrúa sinna í stjórnnum fyrirtækja. Hvernig svo sem fer með setu formannsins í stjórnnum, held ég að það sé nauðsynlegt að mörkuð sé stefna um hvað teljist eðlileg launakjör æðstu stjórnenda.

Menn hafa lengi velt fyrir sér hvað séu eðlileg laun æðstu stjórnenda, Plató sagði til dæmis að það væri ósiðlegt að hæst launaði starfsmaður stofnunar fengi meira en fimmföld laun þess sem lægst væri launaður. Stjórnendagúrúinn Dr. Elliott Jaques setti fram kenningu um átta stéttir miðað við tímalengd verkefna sem unnin eru og hvaða laun séu réttlát fyrir hverja stétt. Þar flokkar hann forstjóra og æðstu embættismenn í stéttir 5 til 8 og með laun á bilinu 12 til 96 sinnum laun stéttar eitt. Við erum á hraðri leið inni alþjóðavæðingu atvinnulífsins þar sem laun eru mun hærrí en við eigum að venjast. Það er ljóst að við erum nú þegar komin fram úr viðmiðun Platós um siðlegan launamun.

Ég vil hér og nú setja fram hugmyndir um hvað VR telji viðunandi hámark þess sem kaup og kjör stjórnenda geta orðið: Að laun forstjóra verði ekki meiri en

tífföld meðallaun í viðkomandi fyrirtæki og að bónusar geti að hámarki orðið annað eins ef arðsemi fyrirtækis er veruleg. Eða samtals 20 föld meðallaun. Við sjáum, samkvæmt Frjálsri verslun, að samsvarandi tölur í Bandaríkunum eru 120 föld meðallaun. Ef boðið er upp á kauprétti skulu sett upp kerfi sem borin eru undir hluthafafund og ná til allra fastráðinna starfsmanna.

Ég tel að sambærilegar reglur ættu að gilda um æðstu stjórnendur þjóðarinnar þ.e.a.s. þau ættu að vera tífföld meðallaun í þjóðfélaginu miðað við að lífeyris- og eftirlaunaréttindi væru sambærileg og á almennum vinnumarkaði. Það er sjónarmið að æðstu stjórnendur ættu að hverfa af vinnumarkaði fyrir en almennir launþegar. Til að mæta því þyrfti mótframlag ríkisins að vera hærra en almennt gerist, það ætti þó að hámarki að vera 30% af launum meðan það er almennt 6-8% á almennum vinnumarkaði. Forsetinn er væntanlega með betri kjör en sem þessu nemur og mætti gera leiðréttingu á þeim kjörum við forsetaskipti. Hinsvegar væri athyglisvert að skoða hvort slík breyting myndi leiða til hækkunar á útgjöldum ríkisins í tilfelli forsætisráðherra, annara ráðherra og æðstu embættismanna.

Í umræðum í fjölmiðlum um hvað teljist eðlileg laun forstjóra fyrirtækja hafa menn gjarnan sagt að því sé nú ekki auðvelt að svara. En hinsvegar hefur mönnum verið auðvelt að tjá sig um hvað sé of hátt. Ofangreindar hugmyndir eru settar fram sem innlegg í umræðuna. Ég skora á þá sem vilja tjá sig um há laun að setja fram skoðun á hvað laun teljist of há. ■

GPP

Útgefandi: Verzlunarmannafélag Reykjavíkur - Húsi verslunarinnar - 103 Reykjavík - sími 510 1700 - netfang vr@vr.is - veffang www.vr.is
Ábyrgðarmaður: Gunnar Páll Pálsson Ritstjóri: Anna Björg Siggeirsdóttir Umbrot og útlit: Tómas Bolli Hafþórsson Prentun: Oddi. Upplag: 25.000

Stjórn VR: Gunnar Páll Pálsson formaður, Stefánía Magnúsdóttir varaformaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari.

Meðstjórnendur: Benedikt Vilhjálmsson, Edda Kjartansdóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Kolbeinn Sigurjónsson, Kristín Sigurðardóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Baldursdóttir, Steinar J. Kristjánsson, Valur M. Valtýsson, Valdis Haraldsdóttir. Varamenn: Jón Magnússon, Margrét Torfadóttir, Þorlákur Jóhannsson.

Stjórn Orlofssjóðs VR: Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Sigrún Baldursdóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson, Valur M. Valtýsson.

Stjórn Sjúkrasjóðs VR: Gunnar Páll Pálsson formaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Kolbeinn Sigurjónsson, Rannveig Sigurðardóttir, Stefánía Magnúsdóttir.

Framkvæmdastjórn Fræðslusjóðs VR: Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Baldursdóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Edda Kjartansdóttir, Sigurður Sigfússon.


Glaðningur í pósti...



Þessa dagana eru að berast í pósti orlofsávisanir til félagsmanna. Ávisunin er að upphæð kr. 5000 til fullgilda félagsmanna VR sem greitt hafa samfleytt í 2 ár til félagsins. Þeir sem nýttu sér ekki ávisunina á síðasta ári fá hins vegar 7500 kr.

Eftirtaldir staðir taka við ávisuninni: Centrum Natura, Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónssonar, Ferðaskrifstofan Príma - Heimsklúbburinn, Flugleiðahótel hf., Fosshótel, Heimsferðir, Hópfærðamiðstöðin/Vestfjarðaleið, Hótel Express afsláttar- og fríðindaklúbbur, Hótel Keflavík, Hótel Örk, Hótel Valhöll, Icelandair, Íslenskir fjallaleiðsögu-menn, ÍT ferðir, Plúsferðir, Sumarferðir, Terra Nova Sol, Úrval-Útsýn og Útivist.

Áramótaheit



Kjarakönnun 2004



Fyrirtæki ársins og launakönnun send til félagsmanna í febrúar

Í febrúar verða sendar til félagsmanna VR hinar árlegu kannir um fyrirtæki ársins og laun félagsmanna. Kannanirnar eru sendar út saman en verða kynntar sitt í hvoru lagi, könnunin um fyrirtæki ársins í maí en launakönnunin í haust. Að þessu sinni eru kannanirnar gerðar í samvinnu við Félag viðskipta- og hagfræðinga. Gallup sér um framkvæmd könnunarinnar og verður hún með nokkuð öðru sniði en áður. Hringt er í alla fullgilda félagsmenn til að leita eftir þátttöku þeirra en þannig vonumst við til að fleiri taki þátt. Félagsmönnum stendur til boða að taka könnunina á netinu eða fá spurningaeyðublaðið sent heim. Markmiðið með könnun á fyrirtæki ársins er að varpa ljósi á starfsskilyrði félagsmanna, gera þeim kleift að meta starfskjör innan eigin fyrirtækis og veita þeim innsýn í starfsumhverfi annarra fyrirtækja. Fyrirtæki sjá sér einnig hag í þátttöku því niðurstöðurnar gefa þeim mikilvægar upplýsingar um styrkleika og veikleika í starfsumhverfinu. Eins og áður gátu fyrirtæki óskað eftir því að starfsmenn aðrir en VR-félagar fái könnun félagsins um fyrirtæki ársins en þannig fæst heildstæðari mynd af stöðu fyrirtækisins og viðhorfum starfsmanna.

Launakönnun VR færir félagsmönnum hins vegar tæki til að bera saman laun sín og annarra sem starfa við sambærileg störf. Launakönnunin er viðmið um þau laun sem raunverulega er verið að greiða á markaðnum og er því mikilvæg fyrir alla við undirbúning launaviðtala.

Nýársfundur 2004

VR fer fram á 4-5% hækkun launa að meðaltali á samningstímanum og sérstaka hækkun lægstu launa. Lægstu mánaðarlaun verða þá nálægt 130.000 krónum í lok samningstímans. Kröfurnar voru kynntar á Nýársfundum VR sem haldinn var 15. janúar sl. Auk þess var á fundinum gengið frá lista félagsins vegna kjörs í stjórn og trúnaðarráð og sagt frá nýjum niðurstöðum Gallup um álit félagsmanna á kröfunum. Þá kynnti Ketill Magnússon álit Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands um setu fulltrúa VR í stjórnnum á vegum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, sjá umfjöllun á bls. 6.

Kröfur VR og LÍV gagnvart SA og Samtökum verzlunarinnar – FÍS

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og Landssamband íslenskra verzlunarmanna leggja við gerð nýs kjarasamnings áherslu á að tryggja áfram þann stöðugleika sem skapast hefur og að verðbólgu verði haldið í skefjum. Stefnt verði að því að auka lífsgæði fólks með þeim hætti að starfskjör verði viðunandi fyrir hóflegan vinnutíma og atvinnuöryggi verði aukið. Tryggt verði áframhaldandi kaupmáttaraukning launafólks auk þess sem hugað verði sérstaklega að stöðu þeirra sem taka laun eftir launatöxtum samningsins. Samningstími verði fjögur ár með fyrirvara um að samningar náist um sérstaka hækkun lágmarkslauna, almennar launahækkunar og tryggingaákvæði. Að öðrum kosti verði samið til skemmri tíma.

Laun

- Laun taki almennum hækkunum auk þess sem lögð verði áhersla á hækkun lægstu launa með sérstakri hækkun launataxta.
- Launþegum verði gefið valfrelsi um það með hvaða fyrirkomulagi þeir nýta umsamda launahækkun. Hver einstakur starfsmaður geti árlega valið hvort umsamin launahækkun komi öll til útborgunar sem laun eða fari að hluta í aukið orlof eða viðbótar séreignarlífeyrissparnað.
- Staðfest verði að launataxtar kjarasamnings séu lágmarkskjör og að almennt verði tekið mið af launakönnunum við ákvörðun launa.
- Tryggt verði að starfsmenn fái samningsbundin viðtöl um störf sín og starfskjör og að niðurstaða úr þeim liggi fyrir innan ákveðins tíma. Samningsaðilar setji á stofn úrskurðarnefnd, sem bregðist við vanefndum í þessum efnum.
- Texti um yfirvinnu og greiðslur á almennum frídögum og stórhátíðardögum verði skýrður.

- Samningsákvæði vegna hlutastarfa verði endurskoðuð í samræmi við lög.
- Ákvæði um ráðningarsamninga verði endurskoðuð og m.a. bætt við ákvæði um að tilgreina skuli sérstaklega hámark yfirvinnustunda í samningum um föst laun.

Vinnutími

- Starfsfólki verslana verði tryggður lágmarksfjöldi fríhelga (föstudagskvöld til mánudagsmorguns) á ákveðnu viðmiðunartímabili.
- Eingöngu verði kveðið á um virkan vinnutíma. (Á ekki við um FÍS þar sem þetta er þegar inni í samningum við þá).
- Starfsmenn, sem ferðast á vegum fyrirtækis, innanlands og utan, fái ferðatíma greiddan auk þess að þeir öðlist rétt til frídaga á móti þeim helgum, sem varið er á ferðalögum erlendis á vegum vinnuveitanda, án skerðingar launa.
- Greiðslur fyrir bakvaktir á almennum frídögum og stórhátíðardögum taki mið af yfirvinnu- og stórhátíðarálagi. Sett verði inn skýrari ákvæði um greiðslu fyrir þá vinnu, sem viðkomandi sinnir á bakvakt.
- Starfsmenn, sem verða fyrir ónæði utan vinnutíma að frumkvæði vinnuveitanda, fái greitt fyrir slík tilvik.
- Ákvæði, sem heimilar að með skriflegu samkomulagi geti atvinnurekandi og starfsmaður skipulagt vinnutíma á ársgrundvelli með tilliti til helga, orlofs og frídaga.

Atvinnuöryggi

- Uppsagnarfrestur starfsmanna með langan starfsaldur verði aukinn.
- Almennur uppsagnarfrestur lengist fari atvinnuleysi á viðkomandi félagssvæði umfram skilgreind mörk.



Lífeyrismál, tryggingar, veikindaréttur o.fl.

- Lífeyrisréttindi starfsmanna verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði að samræma þau lífeyrisréttindum í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.
- Stofnað verði til sérstaks sparnaðarfyrirkomulags, sem starfsmenn geti valið að láta hluta launa sinna renna til og sem atvinnurekendur greiði mótframlag til af launum hvers starfsmanns. Inneign í sjóðnum verði séreign hvers starfsmanns, sem hann getur tekið út lendi hann í langvarandi atvinnuleysi eða fari í nám. Nýti hann það ekki þá bætist það við séreignarlífeyrissparnað hans.
- Endurskoðuð verði ákvæði um tryggingar launþega. Vinnuslysaréttur verði greiddur með sambærilegum hætti og annar veikindaréttur skv. kjarasamningi aðila, þ.e. miðað verði við föst og reglubundin laun starfsmanns. (Á ekki við um FÍS þar sem þetta er þegar inni í samningum við þá).
- Í veikindatilfellum barna verði greidd föst og reglubundin laun starfsmanns.
- Endurskoðuð verði ákvæði samningsins um aðbúnað og hollustuhætti með það að markmiði að bæta öryggi starfsmanna í verslunum og til samræmingar nýjum lögum.
- Skoðuð verði ákvæði um trúnaðarlækna vinnuveitanda og greiðslufyrirkomulag vegna læknisvottorða.
- Veikindaréttur launþega í orlofi erlendis verði með sama hætti og innanlands.



Fræðslumál

- Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks verði tryggður óbreyttur rekstrargrundvöllur.
- Greitt verði að fullu fyrir námskeið, sem sótt eru að ósk vinnuveitanda utan daglegs vinnutíma.

Annað:

- Samið verði um rétt launþega með langan starfsaldur til að minnka starfshlutfall sitt síðustu ár áður en eftirlaunaaldri er náð, án skerðingar launa.
- Skoðuð verði réttindaávinnsla foreldra í fæðingarorlofi.
- Ákvæði um ráðningarsamninga verði endurskoðuð.
- Endurskoðuð verði ákvæði um trúnaðarmenn á vinnustöðum.
- Félagslega kjörnum fulltrúum stéttarféлага verði tryggður réttur til þátttöku í starfsemi stéttarfélags síns s.s. kjarasamningsgerð.
- Landssamband ísl. verzlunarmanna fái beina aðkomu að viðræðum um virkjanasamninginn. (Þetta á ekki við um FÍS).
- Allir sérkjarasamningar verði endurskoðaðir með sérstakri áherslu á launataxta og vinnutíma. Starfsfólk kvikmyndahúsa fái sérstaka hækkun. (Þetta á ekki við um FÍS).
- Samninganefndin áskilur sér rétt til að leggja fram nýjar og/eða breyttar kröfur, ef aðstæður breytast.
- Verslunarmenn eru í samvinnu við önnur aðildarsambönd ASÍ að vinna að kröfum á stjórnvöld vegna lífeyris- og velferðarmála, sem ætluin er að ná niðurstöðu í áður en gengið er frá samningum.



Níu af hverjum tíu félagsmönnum VR ánægðir

Gallup könnun á viðhorfi félagsmanna til áherslna í kjarasamningum

Tæplega 90% af félagsmönnum VR eru ánægð með áherslur félagsins í komandi kjarasamningum, samkvæmt niðurstöðum nýrrar Gallup könnunar. Um sextíu prósent vilja að félagið fari fram á sambærilegar launakröfur og Starfsgreinasambandið og Flóabandalagið en fjörutíu prósent vilja að farið sé fram á hærri laun. Kröfur Starfsgreinasambandsins og Flóabandalagsins gera ráð fyrir að lágmarkslaun verði 130 þúsund í lok samningstímans og að árlegar launahækkningar nemi 4-5%. Konur frekar en karlar og þeir sem hafa styttri skólagöngu að baki frekar en þeir sem hafa lokið háskólanámi vilja að kröfur VR verði hærri. Í könnuninni voru félagsmenn beðnir að meta mikilvægi áherslnanna en alls eru áhersluatriði félagsins átta talsins. Niðurstöðurnar benda til þess að félagsmenn vilji leggja mesta áherslu á að endurskoða veikindaréttinn með áherslu á veikindaslysarétt og veikindi barna. Einkum töldu konur það mikilvægt, þeir sem yngri eru og þeir sem eru með lægstu tekjurnar. Efnahagslegur stöðugleiki er einnig mikilvægur að mati félagsmanna sem og að lengja uppsagnarfrest þeirra sem hafa langan starfsaldur og gefa þeim kost á að minnka starfshlutfall sitt án þess að lækka í launum.

Finnst félagsmönnum VR skipta máli að...



Könnunin var gerð í byrjun janúar meðal 800 félagsmanna VR. Svarhlutfall var tæplega 70%

Siðferðileg álitamál

-vegna stjórnarsetu formanns VR í fyrirtækjum



Gunnar Páll Pálsson, formaður VR

Rúmlega 70% töldu að formaðurinn ætti að gefa kost á sér áfram í stjórn KB banka.

Nokkur álitamál

VR fór fram á það við Siðfræðistofnun Háskóla Íslands á síðasta ári að stofnunin gæfi álit sitt á stjórnarsetu fulltrúa VR í Lífeyrissjóði verzlunarmanna og félögum í hans eigu. Ketill Magnússon gerði grein fyrir álitinu stofnunarinnar á Nýársfundi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna í skýrslu stofnunarinnar segir m.a. að seta formanns VR í hlutafélögum vekji upp nokkrar spurningar. Í fyrsta lagi geti skapast hagsmunaárekstrar ef formaðurinn þarf að taka afstöðu í málum sem snerta félagsmenn. Í öðru lagi geti það haft áhrif á trúverðugleika formannsins ef hann tengist ákvörðunum stjórnar félagsins sem hugsanlega eru óvinsælar meðal launafólks, jafnvel þó hann víki af fundi eða sitji hjá. Og í þriðja lagi er hætt á að hann geti ekki gagnrýnt fyrirtækið opinberlega eins og hlutverk hans sem formanns VR kveði á um.

Aðrar leiðir til að hafa áhrif

Siðfræðistofnun telur ekki að það vekji upp spurningar að lífeyrissjóðurinn vilji hafa áhrif í þeim hlutafélögum sem hann á hlut í því þannig geti hann fylgst með og brugðist við ef fyrirtækin starfa ekki í takt við meginhlutverk sjóðsins sem er m.a. að stuðla að vexti og viðgangi fyrirtækjanna sem sjóðurinn fjárfestir í. Hins vegar vakna spurningar um mögulegar aðferðir til að hafa áhrif, segir í skýrslunni. Helsta gagnrýnin á beina þátttöku lífeyrissjóðsins í stjórn fyrirtækja tengist hættunni á hagsmunaárekstrum og því mælir Siðfræðistofnun með öðrum leiðum til að hafa áhrif, s.s. að tilnefna óháða fulltrúa í stjórnir.

Skorað á stjórnina að endurskoða skipun í stjórn

Í máli Ketils kom fram að núverandi fyrirkomulag við val á fulltrúum VR í stjórn lífeyrissjóðsins vekji upp spurningar um hvort almennir sjóðsfélagar hafi nægilega möguleika til að hafa áhrif á það hverjir sitja í stjórn sjóðsins. Einnig bendir hann á að atvinnurekendur fari með stórt hlutverk í stjórn lífeyrissjóðsins og að einungis séu söguleg rök fyrir því, þ.e. atvinnurekendur áttu þátt í að stofna sjóðinn á sínum tíma. Siðfræðistofnun efast um að þau rök eigi við í dag m.t.t. breytinga í rekstrarumhverfi sjóðsins og skorar á stjórn lífeyrissjóðsins að endurskoða hvernig skipað er í stjórn.

Ekki hægt að gefa atvinnurekendum eftir að skipa stjórnir

Formaður VR, Gunnar Páll Pálsson, tók undir með Siðfræðistofnun að stjórnarseta sín í fyrirtækjum gæti haft áhrif á trúverðugleikann. Hann benti hins vegar á að ef formenn verkalýðsfélaga gæfu ekki kost á sér til setu í stjórnun fyrirtækja værum við í raun að gefa atvinnurekendum eftir að skipa stjórnir. Lífeyrissjóðurinn á umtalsverðan hlut í hinum ýmsu fyrirtækjum og á því töluverðra hagsmuna að gæta.

Um 70% töldu að formaður ætti að sitja áfram

Á fundinum var gerð skoðanakönnun meðal fundargesta um afstöðu þeirra til málsins. Niðurstaðan var skýr, rúmlega 70% þátttakenda töldu að formaðurinn ætti að gefa kost á sér áfram í stjórn KB banka. Um 90% töldu hinsvegar að lífeyrissjóðurinn eigi að tilnefna menn í stjórnir fyrirtækja. Gunnar Páll segir nauðsynlegt að hann sitji með stuðningi trúnaðarráðs félagsins. Hann telur mikilvægt að sett verði viðmið um hver launakjör stjórnenda stórfyrirtækja hér á landi eigi að vera. Ljóst sé að marka verði stefnu félagsins í málum sem varða kaup og kjör ædstu yfirmanna þeirra fyrirtækja þar sem félagið á fulltrúa í stjórn og setja verklagsreglur um mál sem geta leitt til hagsmunaárekstra. ■

6

ávinningar af fyrirtækjakönnun ársins

Þú getur séð hvernig þinn
vinnustaður er í samanburði
við aðra



Þú getur séð hvar er
skemmtilegt að vinna



Yfirmaðurinn þinn sér
svart á hvítu hvar skóinn
kreppir

Könnunin örvar fyrirtæki
til að bæta sig og gera vel
við starfsmenn sína

Einföld leið fyrir þig til að
hafa áhrif og koma álitni
þínu á framfæri



Það er einfalt og þægilegt
að taka þátt. Þú getur
svarað á netinu eða fengið
könnun senda heim

Nánari upplýsingar
á bls. 3 og á www.vr.is

Samkynhneigðir og Gjørbylting í viðhorfum til samkynhneigðra

Viðtal: Pétur Blöndal



Atli Gíslason

Samtökin 78 hafa iðulega leitað til Atla Gíslasonar, hæstaréttarlögmans, síðastliðinn áratug vegna félagsmanna sem mismunað hefur verið á vinnu-stöðum vegna kynhneigðar sinnar. Hann segir að mikill sönnunarvandi hafi leitt til þess að ekki hafi verið unnt að bregðast við. Erfitt sé að sanna tveggja manna tal, einelti, útilokun o.s.frv. Einnig hafi menn kinokað sér við að stíga fram og láta reyna opinberlega á mismununina. En Atli leggur áherslu á að ef rökstuddur grunur er fyrir hendi sé sjálfsagt fyrir þolendur að leita réttar síns og ýmsar leiðir séu til þess, eftir atvikum og aðstæðum hverju sinni.

Umburðarlyndi aukist

Atli segir að fordómar komi oftast ekki í ljós fyrir en eftir ráðningu viðkomandi. „Sem betur fer er almennt ekki verið að spyrja um kynhneigð í ráðningarviðtölum,“ segir hann. „Það kemur þó fyrir, einkum ef eitthvað hefur frést. Algengast er að fordómar komi fram á vinnustaðnum eftir að menn eru byrjaðir í vinnu, þó dæmum um það hafi fækkað verulega. Umburðarlyndi þjóðarinnar er allt annað en það var. Mismununin var ofboðslega mikil, en á síðustu tíu árum hefur orðið gjørbylting í afstöðu til

samkynhneigðra. Menn líta á það sem eðlilegan hlut. Einstaklingar eru margbreytilegir og menn umbera það. Áður var það alls ekki. Þegar alnæmi kom upp í kringum 1980, þá voru fordómarnir hrikalegir. Menn héldu að með því að setjast á klósett eða anda að sér sama andrúmslofti og samkynhneigður maður smituðust þeir og vanþekkingin var ótrúleg. Sem betur fer hefur tekist að upplýsa þjóðina. Fordómar eru þó enn til staðar og fylgja gjarnan stöðu fólks og menntun. Þeir eru mestir hjá ófaglærðum, á vinnustöðum verkamanna og sjómanna.

„Einkavæðum“ stjórnsýslulögin

Atli segir flest mál berast sér í gegnum kvartanir til Samtakanna 78, en þá hafi mönnum verið vísað til sín. „Menn hafa verið lagðir í einelti á vinnustað út af kynhneigð, þó dæmunum hafi fækkað verulega, og nánast hrakist í burtu. Þeim er ýtt út af vinnustaðnum með einelti og erfitt er að færa sönnur á það. Í málinu gegn Kópavogskaupstað gengust þeir sem tóku ráðningarviðtalið við því að hafa spurt um kynhneigð. Þá átti ég úrræði, því þarna var um að ræða sveitarfélag sem hefur skyldum að gegna gagnvart stjórnsýslulögum, og í krafti þeirra gat ég skrifað sveitarfélaginu bréf og krafði það um skýringar. Í þeim fékk ég staðfestingu á þessari mismunun sem Dofri sætti vegna kynhneigðar sinnar. Ef atvinnurekandinn hefði verið á almennum vinnu-markaði, ekki sveitarfélag eða ríki, þá hefði ég ekki átt nein úrræði. Almennum atvinnurekendum er hvorki skylt að rökstyðja ráðningu né uppsögn. Ég hef sagt að það eigi að „einkavæða“ stjórnsýslu- og upplýsingalögin, – innan gæsalappa. Það þurfi að rökstyðja það ef umsækjanda er hafnað sem er hæfastur eða starfsmanni sagt upp. Þeir þurfi gilda ástæðu. Þannig er réttarumhverfið á Norðurlöndum. Það er ekki eingöngu til að vernda samkynhneigða heldur einnig til að koma í veg fyrir mismunun á ráðningarsviði, og snýr þá að aldri, kynferði, kynhneigð og fleiru. Þetta er eina leiðin til að uppræta fordóma á þessu sviði.“

Þarf skýran málefnalegan tilgang

Að sögn Atla leggja lögin um persónuvernd bann við því að hnýsast í einkalíf fólks. „Persónuverndin verndar einkalíf og tekur beinlínis til mismununar

sem snýr að kynhneigð og ýmsum brýnum einkalífsþáttum. Það þarf að vera skýr málefnalegur tilgangur með spurningum um kynhneigð og fleira. Ég nefni sem dæmi, að það er ekki skýr málefnalegur tilgangur að spyrja þig við ráðningu um stjórn-málaskoðanir eða kynhneigð eða konu hvort hún ætli að eignast barn á næstu árum. En tilgangurinn getur í undantekningartilfellum verið málefnalegur um stjórn-málaskoðanir, t.d. ef stjórn-málaflokkur er að ráða starfsmann. Þá er það spurning um trúnað. En þetta er undantekning. Samkynhneigðir eru verndaðir víða í lögnum, stjórnarskrá, mannréttindasáttmálanum, stjórnsýslulögum og hegningarlögum, þ.e. um háð og róg, s.s. vegna kynhneigðar. Þannig að lagaumhverfið er ágætt, að öðru leyti en því að það þyrfti að „einkavæða“ stjórnsýslulögin. En sönnunarvandinn er gríðarlegur.“

Ýmis úrræði standa til boða

Ef menn verða fyrir mismunun vegna kynhneigðar segir Atli að ráðgjöf sín fari eftir því hvort um starfsmaðurinn sé á opinberum eða almennum vinnu-markaði. „Ef hann er opinber starfsmaður getur hann leitað til Umboðsmanns Alþingis eða farið í skaðabótamál eins og við gerðum í málefnum Kópavogsbæjar, þar sem miskabætur voru greiddar á grundvelli skaðabótalaga. Ef hann er á almenna vinnu-markaðnum, þá hefur hann það úrræði að fara fyrir dóm og krefjast skaðabóta. Þá myndi maður meta málið út frá sönnun, áður en farið yrði af stað. Ef sönnun er ómöguleg, þá myndi maður ekki leggja það til. En því má ekki gleyma að fyrir dómi eru teknar skýrslur af mönnum og þeir þvingaðir til að svara. Það að neita að svara fyrir dómi hefur réttarfarslegar afleiðingar; þá er sönnun túlkun mönnum í óhag og menn geta tapað máli út af því. Það er líka svo að það er bannað að mismuna fólki samkvæmt stjórnarskránni. Ef brotið er á einkalífsrétti fólks, þá getur það fengið gjafsókn fyrir dómi, jafnvel þó það sé sæmilega efnun búið. Það stendur í lögum um meðferð einkamála að einstaklingur á að fá gjafsókn ef úrlausn máls hefur verulega almenna þýðingu eða varðar verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda gjafsóknar. Þeir sem lenda í mismunun, sem kann að brjóta gegn stjórnarskrá eða mannréttindaákvæðum, falla klárlega undir þetta og fá gjafsókn.“ ■

vinnumarkaðurinn

Dofri Örn Guðlaugsson vann mál í Héraðsdómi vegna mismununar við ráðningu

Fann að viðtalið var undarlegt



Dofri Örn Guðlaugsson

Ekki hafði Dofri Örn Guðlaugsson verið lengi í ráðningarviðtali áður en hann áttaði sig á því að eitthvað undarlegt var á seyði. „Í fyrsta lagi byrjaði viðtalið kortéri of seint,” segir hann. „Það var varla tekið í hendina á mér og ekkert horft í augun á mér fyrstu tíu til fimmtán mínúturnar. Ég fann að þau voru ekki að meðtaka það sem ég var að segja.” Dofri Örn var annar af tveimur umsækjendum, sem kallað var eftir í síðari umferða viðtala hjá félagsþjónustunni í Kópavogsbæ í ársbyrjun 2002. Til greina kom að hann ræki tilsjónarheimili fyrir unglunga, en í því felst að búa með þremur unglungum í íbúð sem félagsþjónustan á og hjálpa þeim að verða sjálfstæðir.

Viðtal: Pétur Blöndal

Á eintali við sjálfan mig

„Ég var með ársreynslu af rekstri svona sambýlis, en þau eru afar fá á landinu, hafði menntað mig í hagnýtri uppeldisfræði og skrifað BA-ritgerð, sem var handbók um rekstur og uppeldi á tilsjónarheimili. Ég vissi að það var vandfundinn hæfari umsækjandi en ég, enda hafði mér hálfpartinn verið lofað starfinu. En eftir að ég hafði verið á eintali við sjálfan mig fyrsta kortérið sá ég að eitthvað var að. Hann hefði ekki þurft að spyrja. Ég var kominn með það á tilfinninguna að það ætti ekki að ráða mig. Tilfinningin var bölvanleg.”

Þá skyndilega byrjaði viðtalið fyrir alvöru.

„Félagsmálastjórinn sagði við mig: Dofri, ég hef heyrt að þú sért samkynhneigður. Ég svaraði: Já, og ??? Þá segir hann: Heldurðu að ekki geti skapast af því vandamál í umgengni við foreldrana og ungmennin. Hann hafði verið mjög daufur fyrsta kortérið, en allt í einu var hann kominn í augnsamband og tilbúinn að hjóla í mig. Ég reyndi að bera mig vel, og barðist á móti þessu viðhorfi, því eftir þetta gekk samtalið út á hvaða vandamál það gæti hugsanlega skapað að vera samkynhneigður í starfi. Um leið og ég varð var við þennan undirtón í samtalinu sagði ég við sjálfan mig að hann væri kominn út fyrir lög og reglu og ákvað að ég gæti ekki látið þetta líðast.”

Skrifaði niður minnispunkta

Strax eftir samtalið hringdi Dofri Örn í Þorvald Kristinsson, formann Samtakanna 78, sem ráðlagði honum að byrja að punkta niður orðatiltæki og setningar sem hann hefði heyrt í viðtalinu. Síðan höfðu þeir samband við Atla Gíslason, hæstaréttarlögmann. „Hann benti okkur á að senda bréf um tilgang spurninganna, samkvæmt stjórnsýslulögum, og hver væri starfsmannastefna Kópavogsbæjar varðandi samkynhneigða, en fyrst biðum við eftir því að sjá hvað gert yrði í ráðningarmálum,” segir Dofri Örn.

„Það stóð heima að annar starfsmaður var ráðinn, sem raunar var ekki sá sem hafði verið boðaður í viðtal á sama tíma og ég, því síðar kom á daginn að hann hafði einnig verið spurður um kynhneigð og er hann tvíkynhneigður. Því var kallað eftir þriðja umsækjandanum og hann ráðinn.”

Fékk mikinn stuðning

Um leið og fyrirspurnin barst bæjarráði spurðist málið út og barst fjölmiðlum, sem Dofri segir að hafi staðið sig vel. Það hafi komið honum einna mest á óvart hversu vel þeir fylgdu málinu eftir. Þá hafi hann fengið mikinn stuðning frá fólki í kringum sig og hvergi fundið fyrir neikvæðni í sinn garð. Svo fór að lokum að Dofri vann málið fyrir Héraðsdómi Reykjaness og fékk greiddar 300 þúsund krónur í miskabætur.

„Mér fannst þetta meira spurning um að standa á rétti sínum heldur en að fá bætur,” segir hann. „Ég er stoltur af því að hafa staðið fyrir máli mínu. Á meðan málaferlin stóðu yfir höfðu nokkrir samkynhneigðir samband við mig og sögðust hafa orðið fyrir mismunun. Þau voru ósátt, einkum vegna þess að þau gátu ekki leitað réttar síns, því þetta var svo huglægt. Ég var aftur á móti hreint og beint spurður og þar liggur mitt tromp.”

Dofri Örn er fræðslustjóri hjá Vinnuskólanum, er í meistaranámi í fræðslu og stjórnun í Háskóla Íslands og nýhættur með tilsjónarheimili, sem hann sá um í Reykjavík. „Nú er ég búinn að hafa þrjá unglunga á þessu ári af báðum kynjum,” segir hann. „Það hefur ekkert vandamál komið upp, hvorki í samskiptum við krakkana eða foreldrana. Ekki heldur í starfi mínu hjá Vinnuskólanum eða þegar ég var deildarstjóri í sérdeild fyrir einhverfa í Hamraskóla í fyrravetur. Þvert á móti, ég finn bara þakklæti og mikinn stuðning í minn garð fyrir að beita mér í þessum málum.” ■

Samkynhneigðir og vinnumarkaðurinn

Orð til alls fyrst

Fyrirtæki marki stefnu varðandi mismunum á vinnustöðum



Hanna Katrín Friðriksson, framkvæmdastjóri Háskólans í Reykjavík

Mikilvægt er að fyrirtæki hafi yfirlýsta stefnu í málum sem lúta að mismunum á vinnustöðum, m.a. gagnvart samkynhneigðum, að sögn Hönnu Katrínar Friðriksson, framkvæmdastjóra Háskólans í Reykjavík. Í siðareglum skólans segir m.a.: „Við komum fram við hvert annað af virðingu og leggjum okkur fram um að koma í veg fyrir að í HR viðgangist hvers konar óréttlæti, svo sem einelti, kynferðisleg áreitni eða mismunum byggða á óviðkomandi þáttum svo sem kynferði, aldri, trú,

Viðtal: Pétur Blöndal

þjóðerni, kynþætti, fötlun eða kynhneigð. Einhversstaðar stendur að orð séu til alls fyrst,” segir Hanna Katrín. „Með því að setja svona stefnu á blað og gera kröfu um að starfsfólk þekki hana, eins og gert er varðandi siðareglur HR, eru stjórnendur fyrirtækja að lýsa yfir sínum vilja. Ef starfsfólki er mismunað er brotið gegn yfirlýstri og skjalfestri stefnu viðkomandi fyrirtækis. Leiðarljós sem þessi gera alla ákvarðanatöku auðveldari.”

Aldrei fundið fyrir fordómum

Hanna Katrín tók við starfi framkvæmdastjóra Háskólans í Reykjavík í september 2003 eftir skipulagsbreytingar innan skólans. Áður gegndi hún starfi framkvæmdastjóra Stjórnendaskóla HR. Hún er í staðfestri samvist með Ragnhildi Sverrisdóttur og eiga þær tvær dætur saman. Hanna Katrín segist aldrei hafa orðið vör við fordóma sem beinst hafi gegn sér. Í fyllstu einlægni? „Nei, aldrei,” segir hún. „Ekki mér vitanlega. Kannski hefur einhvern tímann verið gengið fram hjá mér vegna þessa, en það hefur þá verið án minnar vitneskju. Fordómar í sinni víðustu mynd eru hins vegar erfiðir að því leyti að fólk er misjafnlega viðkvæmt. Birtingarmynd þeirra getur þess vegna við misjöfn eftir því hver á í hlut. Ég er t.d. ekkert sérstaklega viðkvæm fyrir ósmekklestum bröndurum og athugasemdum um samkynhneigða. Mér þykja þeir stundum óþægilegir,

en fyrst og fremst segja þeir meira um þá sem þykir við hæfi að láta slíkt út úr sér, en þá sem þeir eiga að beinast að.” Hanna Katrín segist ekki þekkja nein áþreifanleg dæmi um mismunum gagnvart samkynhneigðum á vinnumarkaðnum. „Ég velkist ekki í neinum vafa um að of margir samkynhneigðir hafa reynslu af slíku. Ég er hins vegar jafnvis um að þessum dæmum fer jafnt og þétt fækkandi með aukinni fræðslu og auknum sýnileika samkynhneigðra í þjóðfélaginu.”

Ósköp venjulegur Íslendingur

Hanna Katrín segir það bera fordómaleysi og víðsýni í íslensku þjóðfélagi gott vitni hve áreynslulaust það hafi verið fyrir þær Ragnhildi að koma sér fyrir með tvær ungar dætur þegar þær fluttu heim frá Bandaríkjunum fyrir tveimur árum. „Það gildir einu hvort um er að ræða heilbrigðiskerfið, leikskólann, vinnustaði okkar tveggja eða aðra þá sem við höfum kynnst og átt samskipti við, að ónefndum auðvitað vinum okkar og fjölskyldu. Hvergi höfum við kynnst öðru en jákvæðni og fyllstu fagmennsku þar sem það á við. Ef til vill lifum við í vernduðu umhverfi, en satt best að segja er staðan sú að ég gleymi því gjarnan að við teljumst ekki hefðbundin fjölskylda. Sjálfri finnst mér við vera ósköp venjulegir Íslendingar – í öllum þeim skilningi sem skiptir máli í slíkri skilgreiningu.” ■

Lokaverkefnisstyrkur VR

Lokaverkefnisstyrkur VR er ætlaður öllum nemendum á háskólastigi sem vinna að rannsóknum eða verkefnum tengdum vinnumarkaðinum. Veittur er einn styrkur að upphæð 250.000 kr. en markmiðið með styrkveitingunni er að efla rannsóknir á vinnumarkaði og hvetja nemendur á háskólastigi til að huga að þessum málaflokki.

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2004. Allar nánari upplýsingar á www.vr.is.

Fræðslustjóri til leigu

Greining á fræðsluþörfum fyrirtækja



Áslaug B. Guðmundardóttir

Til þess að til að fræðsla og þjálfun starfsmanna skili tilætluðum árangri og geri þá hæfari í starfi er greining fræðsluþarfa mjög mikilvæg. Þetta segir Áslaug B. Guðmundardóttir, MA í Human Resources Leadership sem hafði umsjón með tilraunaverkefni um greininga fræðsluþarfa í fyrirtækjum á vegum Starfsmenntasjóðs verslunarinnar.

Markmiðið með verkefninu var að kynna fyrirtækjum innan FÍS aðferðafræði sem þau geta nýtt sér við markvissan undirbúning fræðslu og þjálfunar auk þess að gera alla starfsmenn og stjórnendur fyrirtækisins meðvitaða um hvaða kröfur eru gerðar til þeirra varðandi hæfni og þekkingu og hvaða þættir það eru sem raunverulega skipta máli í daglegum verkefnum þeirra. Það voru fyrirtækin Austurbakki, Egilsson, Íslenska umboðssalan, Rekstrarvörur og Johan Rönnung sem tóku þátt í verkefninu.

Áslaug heimsótti stjórnendur fyrirtækjanna og þau skilgreindu í sameiningu hverjir væru helstu starfa- eða verkefnaflokkar innan fyrirtækisins, hvaða hæfni, þekking og reynsla væri mikilvægust fyrir þá starfsmenn sem sinna viðkomandi verkefnum og loks hver staðan væri varðandi þessa þætti. „Að þessu loknu voru starfsmenn spurðir álits á þessum þáttum auk þess að greina hversu vel starfs- umhverfið væri til þess fallið að styðja yfirfærslu þekkingar þeirra og hæfni yfir í störfin sem þeir sinna. Þetta eru þættir sem einstaklingurinn getur sjaldnast haft áhrif á sjálfur en hafa þó mikið um það að segja hversu vel þeim tekst að sýna sitt besta í starfi. Sem dæmi má nefna hversu vel er skilgreint til hvers er ætlast af þeim í starfi, hvort þeir fái reglulega endurgjöf á frammistöðu sína og hversu vel kerfi og verkferlar styðja við verkefni þeirra o.s.frv.“ segir Áslaug.

Starfsmenn fá með þessari aðferð að koma sínum sjónarmiðum varðandi fræðslu- og þjálfunarþarfir á framfæri. Þeir verða mun meðvitaðri um hvaða þættir það eru sem skipta mestu í þeirra störfum og hvar þeir þurfa að bæta sig til að ná betri árangri í starfi. „Líka má nefna að flestir þeir starfsmenn sem ég hef unnið með í verkefnum af þessu tagi hafa lýst yfir ánægju sinni með að fá tækifæri til að setjast saman niður og skoða störf sín og starfsumhverfi á gagnrýninn hátt með það að markmiði að bæta þann árangur sem þeir sjálfir og fyrirtækið vilja stefna að,“ bætir Áslaug við.

Áslaug segir reynsluna af þessu mjög góða og fyrirtækin hafi verið ánægð með þær niðurstöður sem þau fengu í hendur. „Ekki aðeins nýttast niðurstöðurnar til að móta fræðslustarf á næstunni, heldur ekki síður sem aðferðafræði sem þau geta nýtt sér í framtíðinni til að nýta þá fjármuni sem þau leggja í fræðslustarf á sem markvissastan hátt, sagði hún að lokum.

Starfsmenntasjóður verslunarinnar hefur ekki tekið ákvörðun um að halda áfram með sambærileg verkefni en fyrirtæki geta sótt um styrk til sjóðsins vegna sambærilegra úttekta. Áslaug býður upp á slíkar úttektir bæði á eigin vegum og í samstarfi við Endurmenntunarfólk Háskóla Íslands í nýrri þjónustu sem nefnist Rætt, frætt og bætt. Áslaug er með netfangið aslaug@hotmail.com ■

Námskeið á vegum VR á vorönn 2004

Námskeiðin eru félagsmönnum að kostnaðarlausu. Vinsamlega athugið að félagsmaður getur einungis skráð sig á eitt ókeypis námskeið á önn. Skráning er í síma 510 1700 eða í gegnum namskeid@vr.is. Kennt verður í húsnæði VR, Húsi verslunarinnar, nema annað komi fram. Sjá nánari námskeiðslýsingu á www.vr.is.

Starfslokanámskeið **Nýtt**

Á námskeiðinu er leitast við að undirbúa félagsmenn undir starfslok á vinnumarkaði. Farið verður yfir breytta stöðu aldraðra í nútíma samfélagi, almannatryggingakerfið, lífeyrismál, húsnæðismál, forvarnir í heimahúsum, félagsstarf, næringarfræði, heilsu, hreyfingu o.fl.

Leiðbeinandi: Brynhildur Barðadóttir félagsfræðingur.

Námskeiðið verður haldið vorið 2004:

1. námskeið: 2., 4., mars kl. 18:30-21:30 og 6. mars kl. 10:00 – 15:00.

Hvernig vinnum við leikinn? **Nýtt**

Til að ná hámarksárangri í leik og starfi verður að vera gaman að vera til. Til að ná hámarksárangri í leik og starfi er nauðsynlegt að leyfa styrkleikum að njóta sín og gera sér grein fyrir hvað betur má fara. Til þess að nenna á námskeið þarf það að höfða til manns.

Námskeiðið Hvernig vinnum við leikinn? er ætlað karlmönnum sem hafa áhuga á fótbolta en vilja einnig bæta sig í leik og starfi.

Á námskeiðinu verða skoðaðir ýmsir frægir knattspyrnukappar og athugað hvaða eiginleikar og færni skila þeim árangri og hvaða eiginleikar draga úr árangri. Myndbönd verða með frægum atriðum og flottum mörkum, fótboldamúsik verður spiluð og sköpuð stemming.

Þátttakendur verða settir í þjálfarahlutverk gagnvart sjálfum sér, þeir stilla upp sínum sterkustu eiginleikum og færni, velta fyrir sér hvort þeir þurfi að fara í sérþjálfun á ákveðnum sviðum og hvort þeir þurfi að kaupa nýja leikmenn til að styrkja liðið ÉG FC.

Leiðbeinandi: Vilmar Pétursson stjórnendaráðgjafi IMG Deloitte.

Námskeiðið verður haldið vorið 2004:

1. námskeið: 24. febrúar kl. 18:30-21:30
2. námskeið: 23. mars kl. 18:30-21:30

Stjórnendanámskeið

Á námskeiðinu er leitast við að gefa yfirlit yfir stjórnendahlutverkið og er námskeiðinu skipt í 3 meginþætti: Mismunandi tegundir stjórnunar, að takast á við stjórnendahlutverkið og mismunandi stjórnunarstíla.

Leiðbeinendur: Vilmar Pétursson og Hafsteinn Bragason, stjórnendaráðgjafar IMG Deloitte.

Námskeiðið verður haldið vorið 2004:

1. námskeið: 27. janúar kl. 18:30-21:30 Örfá sæti laus
2. námskeið: 10. febrúar kl. 18:30-21:30
3. námskeið: 16. mars kl. 18:30-21:30

Ertu á réttri leið?

Á námskeiðinu verður leitað svara við spurningunum: Langar þig að læra eitthvað nýtt? Þarftu að læra eitthvað nýtt? Á hverju hefurðu áhuga? Hvert stefnirðu í lífi og starfi? Hefurðu hugleitt að ef þú veist ekki hvert þú stefnir þá endarðu e.t.v. annars staðar en þú vildir? Unnið verður með verkefni sem stuðla að aukinni sjálfsþekkingu og endað á grundvallaratriðum markmiðasetningar.

Leiðbeinandi: Hrafnhildur Tómasdóttir, ráðgjafi hjá Mentor.

Námskeiðið verður haldið vorið 2004:

1. námskeið: 28. janúar kl. 18:30-21:30 Örfá sæti laus
2. námskeið: 18. febrúar kl. 18:30-21:30
3. námskeið: 11. mars kl. 18:30-21:30 Akranes
4. námskeið: 17. mars kl. 18:30-21:30

Að semja um launin I

Samkvæmt kjarasamningum eiga félagsmenn rétt á árlegu viðtali við vinnuveitendur um laun og starfskjör og snýst þetta námskeið um undirbúning fyrir það viðtal. M.a. er farið í markaðslaun, markaðsvirði þátttakenda á vinnumarkaði, samningatækni og launakönnun VR.

Leiðbeinendur: Vilmar Pétursson og Kristinn Tryggvi Gunnarsson stjórnendaráðgjafar IMG Deloitte, ásamt starfsmönnum VR.

Námskeiðið verður haldið vorið 2004:

1. námskeið: 28. og 29. janúar kl. 18:30-21:30 Örfá sæti laus
2. námskeið: 18. og 19. febrúar kl. 18:30-21:30
3. námskeið: 17. og 18. mars kl. 18:30-21:30

Geðrækt – leiðir að betri líðan

Þátttakendum gefst tækifæri að skoða eigin sjálfsmynd og meta streitu í eigin lífi með sjálfsmyndar- og streituprófum og vinna verkefni sem stuðlað geti að bættri sjálfsmynd, minni streitu og auknum lífsgæðum. Á námskeiðinu er m.a. fjallað um streituváða, sjálfsmyndina, hugsanir og tilfinningar, velliðan og velgengni, og slökunaráferðir.

Leiðbeinendur: Elín Ebba Ásmundsdóttir yfiriðjuþjálfari geðsviðs LSH og lektor við Háskólann á Akureyri og Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Geðræktar.

Námskeiðið verður haldið vorið 2004:

1. námskeið: 19. febrúar kl. 18:30-21:30

Mismunandi heimar kynjanna

Misskilja kynin hvort annað? Á námskeiðinu er fjallað um mismunandi heima kynjanna frá ýmsum sjónarhornum, leitað leiða til að auka skilning og umburðarlyndi og rætt um heppilegar leiðir í samskiptum.

Leiðbeinandi: Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur hjá þéli sálfræðiþjónustu.

Námskeiðið verður haldið vorið 2004:

1. námskeið: 4. febrúar kl. 18:30-21:30
2. námskeið: 18. mars kl. 18:30-21:30

Þú átt rétt - úr 10. bekk út á vinnumarkaðinn

VR býður nemendum 10. bekkjar upp á kynningu á því helsta sem ber að hafa í huga í vinnusambandi. Á þessum aldri er algengt að ungt fólk stigi sín fyrstu skref á vinnumarkaði og hefur reynslan sýnt okkur að mikilvægt er fyrir ungt fólk að vera meðvitað um réttindi sín og skyldur. Tilgangurinn með þessu námskeiði er að veita ungu fólki innsýn inn í réttarstöðu sína en einnig skyldur gagnvart vinnuveitendunum. Mikið er lagt upp úr virkni nemenda, þar sem þeir eru fengnir til að miðla reynslu sinni til jafnaldra sinna.

Áhugasamir skólar sendi tölvupóst til Elnar Valgerðar Margrétardóttur á netfangið elinv@vr.is.

Gott að vita - úr framhaldsskóla út á vinnumarkaðinn

Margir framhaldsskólanemar vinna með námi. Boðið er upp á kynningu á réttindum og skyldum fyrir nemendur á lokaári í framhaldsskóla. Tilgangurinn með þessu námskeiði er að virkja ungt fólk og gera því grein fyrir ábyrgðinni sem fylgir því að vera á vinnumarkaði. Þrátt fyrir að flestir á aldrinum 18-20 hafi verið á vinnumarkaði í nokkur ár, þá hefur reynslan sýnt okkur það að mörgum spurningum er ósvarað.

Áhugasamir skólar sendi tölvupóst til Elnar Valgerðar Margrétardóttur á netfangið elinv@vr.is.

Að stíga skrefið - úr háskóla út á vinnumarkaðinn

Í janúar býður VR, í samvinnu við nemendaráð Háskólans í Reykjavík, Háskóla Íslands og Tækniháskóla Íslands, útskriftarnemendum á háskólastigi sem vilja ná sem bestum árangri í leit að starfi á námskeið. Námskeiðið, sem er haldið í viðkomandi skólum, fjallar um þá þætti sem lúta að undirbúningi atvinnuumsóknar og hvernig háskólaneminn getur best kynnt sig fyrir þeim fyrirtækjum/stofnunum sem hann stefnir á að vinna hjá. Á námskeiðinu öðlast þátttakendur þekkingu á ráðningarferlinu, gerð ferilskráa, atvinnuviðtalinu og fá tilfinningu fyrir launum og hvernig á að semja um laun.

Þjálfari: Davíð Freyr Oddsson, Cand. Theol. og ráðgjafi hjá Mannafli.

Auglýsing og skráning fer fram hjá viðkomandi nemendaráði en frekari upplýsingar veitir Harpa L. Gunnarsdóttir.

Starfsmannaviðtalið - netnámskeið

Ókeypis netnámskeið er að finna á heimasíðu VR www.vr.is. Markmiðið með námskeiðinu er að undirbúa launþega fyrir kjarasambandið árlegt starfsmanna- eða launaviðtal. Gerð námskeiðsins var styrkt af starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins.

Framkomunámskeið með Eddu Björgvins

Leiðbeinandi: Edda Björgvinsdóttir, leikkona og þjálfari hjá Þekkingarmiðlun ehf.

Fullbókað á öllum námskeiðum

Sjálfskraust og samskipti

Leiðbeinandi: Ingrid Kuhlman, þjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun ehf.

Fullbókað á öllum námskeiðum

Fyrirlestraröð VR

Fyrirlestrarnir sem eru öllum opnir og ókeypis eru haldnir frá kl. 12:00 til 13:00 í fundarsal VR á 0. hæð Húss verslunarinnar og húsakynnum VR á Akranesi. Boðið er upp á léttar veitingar. Skráning er í síma 510 1700 eða í gegnum namskeid@vr.is. Sjá nánari lýsingu á fyrirlestrum á heimasíðu VR www.vr.is.

29. janúar - Skapandi hugsun

Í fyrirlestrinum verður farið yfir hvað er sköpunargáfa og hvað rannsóknir sýna um eðli þessa fyrirbæris. Hvernig hugsa þeir sem meira skapandi eru? Þátttakendur fara í hagnýta æfingu sem örvar skapandi hugsun.

Fyrirlesari: Eyþór Eðvarðsson, M.A. í vinnusálfræði, stjórnendabjálfi og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun.

12. febrúar - Valdið er mitt... og þó?

Hvernig höfum við áhrif á fólk án þess að hafa til þess formlegt vald? Í daglegum störfum okkar þurfum við að hafa áhrif á fólk án þess að vera yfirmenn þess eða hafa til þess formlegt vald sem veitir okkur umboð til að skipa fyrir og vera hlýtt.

Fyrirlesari: Svafa Grönfeldt, Ph.D. vinnu- og sálfræði, framkvæmdastjóri IMG Deloitte og dósent í stjórnun við Háskólann í Reykjavík.

19. febrúar - Skapandi hugsun - Akranes

Í fyrirlestrinum verður farið yfir hvað er sköpunargáfa og hvað rannsóknir sýna um eðli þessa fyrirbæris. Hvernig hugsa þeir sem meira skapandi eru? Þátttakendur fara í hagnýta æfingu sem örvar skapandi hugsun.

Fyrirlesari: Eyþór Eðvarðsson, M.A. í vinnusálfræði, stjórnendabjálfi og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun.

11. mars - Er ég góður vinnufélagi?

Í fyrirlestrinum verður m.a. fjallað um hvað einkennir góðan vinnufélag, hvernig við stuðlum að góðum samskiptum á vinnustað og mikilvægi þess að leysa ágreining jafnóðum.

Fyrirlesari: Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur hjá Þeli sálfræðipjónustu.

Vissir þú...

... að nú eru 30 ár síðan fyrst var samið í kjarasamningum VR um réttindi starfsmanna til að fara námskeið. Í samningi frá 26. febrúar 1974 stendur; „æskilegt er, sé þess kostur, að sölumenn séu sendir á þau námskeið, sem til boða standa innan starfsgreina þeirra, bæði innanlands sem utan, og greiði þá atvinnurekandi námskeiðagjöld, ferðir og upphald.“

Gott frí um páskana

Sækið um fyrir 20. febrúar



Þá er tímabært að sækja um orlofshús um páskana en jafnan er mikil ásókn í húsín á þessum tíma enda margir frídagar hjá fólki. Ómögulegt er að segja til um hvernig veðrið verður en páskadag ber upp á 11. apríl að þessu sinni.

Við höfum gert tilraun með að skipta páskavíkunni í tvennt í nokkrum húsum til að gefa fleirum möguleika á að skreppa út úr bænum um páskana. Þetta hefur gefist vel og verður því gert aftur í ár. Vikunni verður skipt frá miðvikudeginum 7. apríl til laugardagsins 10. og frá laugardeginum til þriðjudagsins 13. apríl á átta húsum. Í öðrum húsum félagsins verður hægt að leigja vikuna alla eða frá 7. apríl til 13. apríl.

Umsóknarfrestur er til 20. febrúar. Hægt er að sækja um á heimasíðu VR, www.vr.is. Eyðublað fylgir þessu blaði og liggur auk þess frammi á skrifstofu VR. Að þessu sinni standa félagsmönnum til boða 1 hús í Ölfusborgum, 20 hús í Miðhúsaskógi, 1 hús í Skyggisskógi í Biskupstungum, 3 hús á Flúðum, 2 íbúðir í parhúsi á Kirkjubæjarklaustri, 2 hús á Einarstöðum, 3 hús í Húsafelli, 2 íbúðir á Stóra-Kambi á Snæfellsnesi, 1 hús í Stykkishólmi, 4 íbúðir á Akureyri og 2 hús í Varmahlíð í Skagafirði.

Úthlutun munu liggja fyrir 27. febrúar og fá allir umsækjendur sent bréf um niðurstöðurnar. Leigusamning þarf svo að undirrita á skrifstofu VR fyrir 13. mars. Leiguverðið páskavíkuna alla er kr. 19.500 á Flúðum, Miðhúsum, Húsafelli, Skyggisskógi og í Stykkishólmi en á öllum öðrum stöðum kr. 17.000. Hægt er að sækja um hálfu viku í Miðhúsaskógi, Húsafelli og í Varmahlíð og er verðið þá kr. 9.700. Úthlutunarreglur orlofshúsa VR eru á bakhlið meðfylgjandi umsóknareyðublaðs.

Calpe fallegt lítið fiskiþorp



Umsóknarfrestur um orlofsíbúðir á Spáni rann út 20. janúar sl. Um það bil 300 umsóknir höfðu borist þegar blaðið fór í prentun.

Calpe á Spáni er lítið fallett fiskiþorp í u.þ.b. 30 mínútna fjarlægð frá Benidorm. Rútuferðir eru til Benidorm ef f ólk vill komast í fjörið þar. Ekki er heldur langt að fara í golf en 15 mín. akstur er að 18 holu golfvelli. Þröngar götur, veitingastaðir, litlar vikur, klettastrandir, appelsínutré, sjávargjálfur – allt hjálpar þetta til að gera fríið einstaklega notalegt!

Club Albufeira - vinsælasta fjölskyldugisting Úrvals-Útsýnar í Portúgal



PORTÚGAL

Beint leiguflug
LOFTLEIDIR ICELANDIC

Tilboð á Club Albufeira í allt sumar



Ferðaskrifstofan Úrval-Útsýn býður 1, 2ja og 3ja vikna ferðir í beinu leiguflugi til Portúgal, alla þriðjudaga í sumar. Engin umsóknareyðublöð, bara bóka á www.urvalutsyn.is

▶ **200 sæti í boði með 10.000 króna bókunarafslætti.**

Verðdæmi á mann í 2 vikur á Club Albufeira í raðhúsi m/tveimur svefnherb.:

6 í raðhúsi **45.805** * staðgreitt á mann m.v. 2 fullorðna og 4 börn með kr. 10.000 kr. bókunarafslætti og 11.000 kr. barnaafslætti.

5 í raðhúsi **49.790** * staðgreitt á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn með kr. 10.000 kr. bókunarafslætti og 11.000 kr. barnaafslætti.

4 í raðhúsi **55.868** * staðgreitt á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn með kr. 10.000 kr. bókunarafslætti og 11.000 kr. barnaafslætti.

▶ **Morgunflug með Loftleiðum Icelandic • Rúmgóðar íbúðir í raðhúsi með góðum garði**
Ferðir til og frá flugvelli í Portúgal • Þjónusta fararstjóra Úrvals-Útsýnar

Staðgreiðsluverð m.v. að gengið sé frá greiðslu 4 vikum f. brottför. Annars gildir almennt verð, sem er 5% hærra. Hægt er að lækka ferðakostnað með VR-ávisun og/eda Mastercard ferðaávisun. Ef bókað er símléiðis eða á skrifstofu greiðist 2.000 kr. bóknar- og þjónustugjald á mann.

* Innifalið: flug, akstur til og frá flugvelli, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.



Úrval-Útsýn

Lágmúla 4: 585 4000 • Hliðasmúra: 585 4100
Keflavík: 420 6000 • Akureyri: 460 0600
Selfossi: 482 1666

www.urvalutsyn.is

Trommari í bókabúð



Kristján Freyr Halldórsson

Hann er ungur og frískur og heldur utanum sölu íslenskra bóka í bókabúð Máls og menningar. Hann heitir Kristján Freyr Halldórsson er áhugsamur í sínu starfi, situr í stjórn Félags starfsfólks í bókaverslunum og fæst við tónlist. Hann er líka félagsmaður VR og sótti ráðstefnu á dögnum í Danmörku um störf í bókaverslun á vegum VR en norrænt samstarf starfsfólks í bókaverslun er nær aldargamalt á Norðurlöndunum.

Spilar á trommur með Dr. Gunna

Kristján er Hnífsdælingur. Eftir Menntaskólanám á Ísafirði rak hann plötubúðina Hljóma, auk þess að vera í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar en hópur nemenda við M.Í. bauð sig fram til stjórnar í nýju sveitarfélagi 1996 í nafni Funklistans eins og frægt var á sínum tíma. „Það var frábær tími og lærdómsríkur“, segir Kristján. Tveimur árum síðar lá leiðin til Reykjavíkur til að lesa ensku og íslensku við Háskóla Íslands. „Svo tók ég pásu í náminu árið 2000 þar sem mér bauðst vinna í Bókabúð Máls og menningar á Laugavegi og mér hefur enn ekki tekist að slíta mig þaðan.“ Í tómstundum spilar Kristján á trommur, áður með Geirfuglunum og Miðnesi og núna með Dr. Gunna. „Við gáfum einmitt út plötu fyrir jólin hjá Smekkleysu sem var að margra mati ein besta plata ársins,“ segir Kristján sem er greinilega hæstánægður með plötuna.

Endalaus vertíð

Aðspurður um hvað sé efst á baugi í bókaverslun um þessar mundir, segir Kristján að það skemmtilega við að vinna í bókabúð sé að það er varla dauður tími yfir árið, vertíð tekur við af vertíð. „Þess vegna er það ansi margt sem er á baugi og æði fjölbreytilegt. Sjálfsagt er hægt að nefna bókaverðstríðið við stórmarkaðina sem dæmi. Margur spyr sig hvort eigi að setja þak á verð bóka í því samhengi svo ekki sé hægt að fella þær í verði eins og gert er, slík eru fordæmi í Evrópu“.

Gott að hitta kollegana

Kristján tók vel í það þegar VR hafði samband og bauð honum að sækja ráðstefnu í Danmörku og hitta starfsfélagan á Norðurlöndunum. Með honum í för var Margrét J. Guðbergsdóttir verslunarstjóri Pennans-Eymundsson í Smáralind. Ráðstefnan var haldin í Karrebæksminde sem er lítill bær við vesturströnd Sjálands. „Það er sannarlega margt sem við í tiltölulega nýju félagi starfsfólks bókaverslana getum lært af hinum. Á ráðstefnunni var farið var vítt og breitt um starfshætti í bókabúðum, fræðslustefnu bóksala í Skandinavíu, og tvinnadist þar inn í umræða um Evrópusambandið og fleira.“ Kristján sagðist hafa verið upprifinn eftir ferðina og „staðráðinn í að hefja upp mágæsinguna meðal starfsfólks bókabúða. Þetta félag verður svo sannarlega að vera við lýði.“

Fræðsla nauðsynleg

„Öll sú fræðsla sem fer fram í nágrannalöndunum og þó aðallega í Danmörku er einkar áhugaverð, en þar er setið á skólabeck í átta vikur á tveimur árum, ein vika í senn og farið yfir allt mögulegt sem snertir starfið í bókabúð.“ Hann segir þó að hjá Pennanum sé gott fræðslustarf þar sem starfræktur er Pennaskólinn svokallaði, en þar gefst starfsfólki tækifæri á að auka þekkingu á helstu vöruflokkum, efla tölvukunnáttu og fleira. „Einnig er tekið sérstaklega vel á móti nýjum starfsmönnum með tilheyrandi námskeiðum.“

Ekkert spurt um ABBA...

Blaðamaður þekkir af eigin raun að alltaf eru stórmerkileg skemmtiatriði á ráðstefnum þessum og spurði Kristján út í málið. „Jú, síðasta kvöldið var auglýst skemmtun samkvæmt dagskrá, við vorum ansi spennit og settum okkur í stellingar. Þegar loksins kom að því var skemmtunin sú að við fengum í hendur blað með spurningum um klassíska tónlist. Upphófst þá Kontrapunktur í umsjá sænsks ellilífeyrisþega sem spilaði brot úr þekktum verkum tónskálda frá Norðurlöndum, á harmonikku. Og þar var ekkert spurt um ABBA...“ ■

Hefur þú notið 50% afsláttar af hótulgistingu hingað til?

Síðastliðin 17 ár hafa meðlimir Hotel Express gert það!

Eftirtalin hótul á Íslandi bjóða þig velkomin(n)

Hótul Borg,
Radisson SAS Ísland,
Grand hótul Reykjavík,
Plaza hótul,
City hótul,
Hótul Reykjavík,
Hótul KEA,
Fosshótulin (Barón, Lind, Hófi, Bifröst,
Húsavík, Laugar, Áning, Nesbúð,
Hallormsstaður, Reyðarfjörður, Hlíð,
Valaskjálfr og Vatnajökull),
Hótul Höfn,
Hótul Örkr,
Hótul Hvolsvöllur,
Hótul Keflavík,
Hótul Þórshamar.

Hotel Express kortið

gerir þér kleift að gista á þessum hótulmum eins oft og þú vilt í 12 mánuði og ávallt með 50 % afslætti.

Hotel Express

býður þér upp á gistingu á þessum ótrúlegu kjörum á yfir 4.300 hótulmum um allan heim í meira en 140 löndum. Þú finnur okkar hótul m.a. í Kaupmannahöfn, London, París, Frankfurt, um alla Skandinavíu, á Spáni, í Portúgal og víðar. Við sjáum um hótulbókanir fyrir þig gjaldfrjálst eins oft og þú óskar.

Flugfélag Íslands og Íslandsflug

veita einnig 50 % afslátt frá fullu fargjaldi á öllum áætlunarleiðum innanlands. Aðeins eitt símtal og þú flýgur frítt aðra leiðina!



Hertz á Íslandi

útvegar meðlimum Hotel Express allar gerðir af bílaleigubílum (innanlands) með 100 km akstri á dag og staðlaðri tryggingu (CDW) á einstökum kjörum. Þú færð bílaleigubílinn hjá Hertz með 50 % afslætti einnig. Bestu verð hverju sinni eru í boði fyrir þá sem þurfa bílaleigubíl erlendis. Að auki býður Hertz þér upp á fyrsta árið frítt í fríðindaklúbbi þeirra, Hertz #1 Club Gold.



Orlofsávisun VR

að upphæð kr. 5.000, tryggir þér Hotel Express aðild í 12 mánuði. Fullt verð er krónur 14.900. Þeir VR félagsmenn sem hafa fengið ávisun upp á krónur 7.500 fá mismuninn endurgreiddan! Því ekki að margnýta þína orlofsávisun með því að kaupa Hotel Express aðild og fá frábær kjör og mikla afslætti aftur og aftur og aftur!!!

HOTEL EXPRESS®
INTERNATIONAL

Hotel Express á Íslandi - Sími 555 7 555 - www.hot-ex.is



Menntareikningar

VR gerir kröfu um að samið verði um menntareikninga í næstu kjarasamningum



Atvinnulífið gerir æ meiri kröfur um menntun og tekjubilið milli faglærðra og ófaglærðra hefur aukist. Íslendingar standa að mörgu leyti vel að vígi í samanburði við aðrar þjóðir hvað menntun varðar, einkum í fjölda háskólamenntaðra. En brottfall úr framhaldsskóla er meira hér á landi en í nágrannalöndunum, 61% Íslendinga t.a.m. hafa lokið framhaldsskóla á aldrinum 25 til 31 árs en 93% Norðmanna.

Þörf er á nýjum úrræðum í menntamálum til að ná til þeirra sem hættu námi eftir grunnskóla en vilja gjarna bæta við sig menntun. VR, Efling og Starfsmenntaráð kynntu nýverið skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskólans gerði um menntareikninga en þeir eiga að geta nýst þeim sem þurfa að bæta við sig þekkingu vegna breytinga eða tækniframfara, þeim sem hafa minnsta skólagöngu að baki eða vilja breyta um starfsvettvang.

Menntareikningar eru eignasöfnunarreikningar þar sem ákveðið hlutfall af launum hvers starfsmanns er lagt fyrir auk framlags atvinnurekenda, svipað og er með viðbótarlífeyrissparnað. Upphæðin er ávöxtuð í séreignarsjóði með skattfríðindum þar til viðkomandi starfsmaður ákveður að nýta sér innistæðuna til að sækja sér menntun eða þjálfun. Ef hann hefur ekki nýtt sér sparnaðinn þegar hann fer af vinnumarkaði getur hann notað hann sem lífeyrissparnað.

Nágrannarþjóðirnar hafa prófað sig áfram með menntareikninga, t.d. hafa 2,6 milljónir menntareikningar verið stofnaðar í Bretlandi. Þar settu stjórnvöld á stofn menntareikninga með beinum fjárhagslegum stuðningi frá hinu opinbera.

Markmiðið með menntareikningum er að jafna möguleika launafólks til menntunar, sérstaklega að auðvelda almennu launafólki og þeim sem hafa styttri

skólagöngu að baki að greiða fyrir dýrara og lengra nám. Menntareikningar eru þannig viðbót við starfsmenntasjóðina og önnur símenntunarverkefni verkalýðsfélaganna. Á hverju ári sækir um helmingur fólks nám eftir að formlegri skólagöngu lýkur og er námsskeiðssókn meiri eftir því sem formleg menntun er meiri. Þeir sem ekki sækja námskeið eru einkum eldra fólk, þeir sem hafa að baki stutta skólagöngu eða vinna ósérhæfð störf. ■

Hér má sjá dæmi um uppsöfnun á menntareikningi. Miðað er við 150 þúsund krónur í laun á mánuði og annars vegar 1% af launum og hins vegar 1,5%.

Laun 150.000 kr.

Framlag 1%

112.940 kr.
288.547 kr.
553.320 kr.
943.865 kr.
1.510.569 kr.
2.322.561 kr.
3.474.419 kr.
5.095.227 kr.
7.360.789 kr.

Framlag 1.5%

169.410 kr.
432.821 kr.
824.980 kr.
1.415.797 kr.
2.265.854 kr.
3.483.842 kr.
5.211.629 kr.
7.642.840 kr.
11.041.184 kr.

Heimsókn til Usdaw í Manchester



Frá vinstri: Gunnar Páll Pálsson, Kristín M. Björnsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Kolbeinn Sigurjónsson, Snorri Kristjánsson og Elías Magnússon.

Kynnisferðir til erlendra stéttarfélaganna eru einn liður í undirbúningi fyrir komandi kjarasamninga. Í lok október fóru nokkrir fulltrúar VR til Manchester í Englandi og heimsóttu Usdaw, (Union of Shop, Distributive and Allied Workers). Usdaw hefur innan sinna vébanda félagsmenn sem starfa við verslun- og skrifstofustörf, auk þeirra sem vinna við kjötvinnslu og í þvottahúsum. Heildarfjöldi félags-

mannanna er um 325.000. Kjaramál eru unnin með nokkuð öðrum hætti en gengur og gerist hérlendis. Usdaw hefur t.a.m. formlega pólitíska afstöðu – er stuðningsaðili enska Verkamannaflokksins og reidir sig mikið á samstarf við stjórn hans til að festa í lög ýmis lágmarksréttindi launþega. Usdaw hefur nýverið verið með tvær herferðir sem skilað hafa góðum árangri og vakið athygli í Bretlandi.

Trúnaðarmenn í lykilhlutverki

Annars vegar var um að ræða samvinnuverkefni Usdaw við verslunarkæðjuna TESCO. Hjá TESCO starfa ríflega 100.000 félagsmenn Usdaw og því gríðarmiklir hagsmunir félagsins fólgnir í þessu samstarfi sem byggir á kjarasamningi á milli aðilanna. Rauði þráður þessa samstarfs eru trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðunum. Þeim er ætlað að vera í nánu samstarfi við yfirmenn TESCO og er um að ræða samráðskerfi þar sem ákvarðanir eru teknar um starfsmannamál. Trúnaðarmenn Usdaw hitta alla nýja starfsmenn sem ráðnir eru til TESCO, með það að markmiði að kynna Usdaw og kosti félagsaðildar. Þetta hefur skilað afar jákvæðum niðurstöðum.

Freedom from Fear

Önnur herferð Usdaw var Freedom from Fear. Um er að ræða átak sem miðar að því að tryggja starfsmönnum aukna vernd og öryggi á sínum vinnustöðum, einkum í verslunargeiranum, auk þess sem áhersla var lögð á að auka virðingu almennings fyrir þessum störfum. Forsvarsmenn Usdaw voru afar ánægðir með þann árangur sem herferðin bar og þá miklu eftirtekt sem hún vakti. Þetta er einkar áhugavert og forráðamenn VR hafa velt því fyrir sér hvort ekki væri rétt að gera eitthvað sambærilegt fyrir verslunarfólk hérlendis. ■

Mallorca

sumarið 2004

Sértilboð til VR-félaga

Plúsferðir bjóða
1, 2ja og 3ja vikna ferðir
í beinu leiguflogi til Mallorca,
alla fimmtudaga í sumar.
Engin umsóknareyðublöð, bara bóka á
www.plusferdir.is

Verðdæmi	
6 í íbúð - 2 fullorðnir og 4 börn,	41.410 kr. á mann
5 í íbúð - 2 fullorðnir og 3 börn,	44.462 kr. á mann
4 í íbúð - 2 fullorðnir og 2 börn,	49.940 kr. á mann
3 í íbúð - 2 fullorðnir og 1 barn,	56.770 kr. á mann

Innifalið: Morgunflug með Loftleiðum Icelandic, barnaafsláttur fyrir börn 2ja til og með 11 ára, 12.000 kr. rúmgóðar íbúðir með góðum garði, ferðir til og frá flugvelli á Mallorca og þjónusta fararstjóra Plúsferða.

Ungbörn 0-2ja ára greiða 4.900 kr.
Tilboðið gildir til 31. janúar 2004.

Hægt er að lækka ferðakostnað með VR ávísun og/eda Mastercard ferðaávísun.

2.000 kr. bókanar- og þjónustugjald á mann ef bókað er símleiðis eða á skrifstofu.

www.plusferdir.is

Hliðasmára 15 • Sími 535 2100

Evrópufréttir



Austurríki

Upplýsingaskylda vinnuveitenda vegna lífeyris

Hæstiréttur í Austurríki felldi nýlega dóm sem kveður á skyldu vinnuveitenda til þess að upplýsa starfsmenn um allar breytingar sem verða á lífeyrisréttindum þeirra. Þegar markaðir hrundu á árunum 2000-2002 skertust lífeyrisréttindi margra launamanna gríðarlega en mörgu launafólki voru ekki ljósar þær alvarlegar afleiðingar sem það gat haft á framtíðarlífeyrisrétt þeirra.

Belgía

Stefnt að sköpun 60.000 nýrra starfa

Ríkisstjórnin í Belgíu stóð nýlega fyrir ráðstefnu með aðilum vinnumarkaðarins og sveitastjórnnum, til þess að ræða aðgerðir til hvatningar að sköpun nýrra starfa. Á ráðstefnunni voru teknar ákvarðanir um aðgerðir sem ætlað er að stuðla að sköpun 60.000 nýrra starfa á næstu 4 árum. Ríkisstjórnin ákvað að verja 502 milljónum Evra (44,5 milljarðar ÍSK) til þessa átaks árið 2004 en alls 3.5 milljörðum Evra (300 milljarðar ÍSK) fyrir árslok 2007.

Danmörk

20% launamunur kynja hjá skrifstofufólki

Nýlega var kynnt niðurstaða sameiginlegrar rannsóknar Alþýðusambandsins og samtaka vinnuveitenda í Danmörku á launamuni kynjanna þar í landi. Var þessari rannsókn ætlað að verða grunnur að áreiðanlegri ályktunum og viðbrögðum í

jafnréttisumræðu og hvað varðar mismun í launakjörum. Rannsóknin leiddi í ljós að meðal verkafólks eru karlar með um 15% hærra laun en konur en meðal skrifstofufólks er munurinn um 20%.

Finnland

Vinnuveitendasamtökin vilja byrjendalaun

Samtök vinnuveitenda (TT) í Finnlandi hafa stungið uppá því að komið verði á sérstökum byrjendataxta launa sem hugsaður sé fyrir ungt fólk sem er að koma á vinnumarkað í fyrsta sinn. Verkalýðsfélög og hagsmunasamtök stúdenta hafna þessum tillögum algerlega. Frá vinnuveitendum hefur heyrst það sjónarmið að ef komið væri á byrjendataxta sem væri lægri en lágmarkslaun í almennum kjarasamningum myndi það auka möguleika ungs fólks á að komast á vinnumarkað og einnig muni það hjálpa nýjum fyrirtækjum til að afla sér starfsfólks. Verkalýðsfélögin vísa þessu á bug og segja þetta myndu grafa undan gildi almennra kjarasamninga.

Grikkland

Alda verkfalla

Mikil alda verkfalla hefur gengið yfir á vinnumarkaði í Grikklandi síðustu mánuði. Aðallega hefur borið á verkföllum hjá hinu opinbera. Þeir ríkisstarfsmenn sem verið hafa í verkföllum eru m.a. kennarar, háskólaprófessorar, læknar á spítölum, starfsmenn sveitarfélaga, auk leigubílsstjóra og starfsmanna flugfélagsins Olympic Airways.

Írland

Bæði ánægja og streita á vinnustöðum

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðu í mikilli rannsókn á viðhorfum launafólks til starfs síns og vinnustaðar sýna að 90% launamanna eru almennt ánægðir með starf sitt en helmingur þeirra þjáist þó af streitu. Þeir sem hafa mesta menntun hafa mesta ánægju af starfi sínu eða um 96% aðspurðra. Á móti kemur að mikil streita er þó samfara störfum fólks og telur fjórðungur sig undir meira álagi heldur en fyrir tveimur árum og þriðjungur telur sig of þreyttur til að geta notið lífsins þegar heim kemur eftir vinnudag. Alls telur helmingur vinnandi fólks á Írlandi sig vera í streituvaldandi vinnu.

Stóra-Bretland

Foreldrar hafa sveigjanlegan vinnutíma

Nýleg könnun í Bretlandi hefur sýnt að nýjar reglur um rétt foreldra til að krefjast sveigjanlegs vinnutíma eru að gagnast vel. Niðurstöður þessar hafa minnkað mjög áhyggjur ráðamanna um að vinnuveitendur myndu neita starfsmönnum sínum er þeir krefðust sveigjanlegs vinnutíma og einnig virðast svartsýnispár viðskiptasérfræðinga ekki ganga eftir en þeir héldu að mikill kostnaðarauki myndi fylgja þessum reglum.

Svíþjóð

Verkalýðsfélögin krefjast 3,5% hækkunar

Verkalýðshreyfingin í Svíþjóð hefur sammælst um að krefjast 3,5% launahækkunar á fyrsta ári allsherjarkjarasamninga sem samið verður um í lok árs. Fullyrt er að þetta sé sambærilegt við það sem almennt gerist í Evrópu. Vinnuveitendur hafa sagt á móti að í þessum 3,5% verði þá einnig að felast kostnaðarauki við aukinn veikindarétt.

Veikindaréttur góður hjá VR

VR er í sífældri naflaskoðun hvað varðar réttindi félagsmanna. VR og Starfsmannafélag ríkisstofnana (SFR) hafa nýverið borið saman bækur sínar um veikindarétt sinna félagsmanna. Meðal þess sem kemur í ljós er að félagsmenn VR fá greiðslur úr sjúkrasjóði fyrir en hjá SFR en að veikindadagur hjá vinnuveitanda eru fleiri samkvæmt samningi SFR en VR.



	VR		SFR	
	Veikindaréttur og greiðslur úr sjúkrasjóði (80% laun), fjöldi daga	Umreiknað í fjölda daga á fullum launum	Veikindaréttur og greiðslur úr sjúkrasjóði (80% laun), fjöldi daga	Umreiknað í fjölda daga á fullum launum
< 3 mán.	276	222	14	14
< 6 mán.	282	228	35	35
< 12 mán.	294	240	119	119
Eftir 1 ár	330	276	223	205
Eftir 5 ár	390	336	223	205
Eftir 7 ár	390	336	265	247
Eftir 10 ár	450	396	265	247
Eftir 12 ár	450	396	363	345
Eftir 18 ár	450	396	450	432
Eftir það	450	396	450	432



Skilaboð í SMS!

Viltu fá áminningar um réttindi þín í SMS?

VR hefur hafið söfnun á gsm númerum félagsmanna til að koma völdum skilaboðum sem varða réttindi þeirra á framfæri með þessu móti. Athugið að SMS skilaboð verða ekki send oftast en einu sinni í mánuði.

Sendu SMS skilaboðin*
AA VR <KYN ÞITT> <FÆÐINGARÁR ÞITT> t.d. AA VR KVK 1965 í númerið 1900

...og þú getur unnið þér inn flug og gistingu innanlands fyrir 2 eða miða í bíó. 100 bíómiðar eru í boði.

Einnig getur þú skráð þig á netinu www.vr.is og þá höfum við netfangið þitt líka.

Dregið verður úr innsendum númerum þann 1. mars nk.

Til að afskrá sig nægir að senda skilaboðin AA VR STOP

*Skráning með sms kostar einungis 14 kr.

VR aðstoðar blaðbera



Eins og kunnugt er tók VR að sér að aðstoða blaðbera DV við kröfufylsingu í þrotabú fyrir-tækisins, þrátt fyrir að sá hópur væri ekki innan félagsins. Um er að ræða u.þ.b. 400 einstaklinga, langflesta á aldrinum 12 – 18 ára. Viðbrögðin við þessu boði VR hafa ekki látið á sér standa og nú þegar hefur langstærstur hluti þessa hóps haft samband til að óska eftir þessari aðstoð. Blaðberar hafa á undanförunum árum ekki haft sjálfkrafa aðgang að neinu stéttarfélagi og hefur hagsmunagæslu fyrir þessa starfsstétt því verið stórlega ábótavant. Sú breyting varð þó á á vordögum 2003 að samningar náðust á milli VR og Árvakurs hf, útgáfufélags Morgunblaðsins, um kaup og kjör blaðbera. Jafnframt standa yfir samningaviðræður við Frétt ehf, útgáfufélag Fréttablaðsins og DV, um kjör blaðbera þar. Segja má því að það horfi til betri vegar í kjaramálum blaðbera almennt og er vonandi að störf VR á þessum vettvangi muni verða sem flestum að gagni.

Krossgáta

	AF-KVÆMI	HEIDIR	VRKJA	DUFTID SLEIP	EINAR	MÁL- UR	EIN- KENNI	Á LÍÐ- ANDI STUND
UNN- UST- AN	2							
'OT- UKT- IN		6						19
DÖGL- ANA NAGLAR			3					REYK- IR
FISK- UR	17		STING- UR ÁSINN			KUKK- UM- TUNN- AR		
VELAR + KARL- FULLAR						14	LENGIR EFFIR	32
SÁUR		MENN- INA	EINNIG	LOFA	18			
SKART- GRIP- URINN			4	ELSKU MÓK- UM		7		
GÖGG		1				KEYR GREN- UM		27 HINDR- ABIR
DOLLUR RUGL						9		
ÓSAM- STEÐIK	+		SKOR- AR Á ÞÁTTUR	31			FKA EYDD- UR	
STAHT- UR			28	ILLA ÖTTI	13			
LYÐJU		20		SKOR- DÝR DRENG- INA			LES	
SÁLDAR TÖNN			10		SÝKTA SIGA			
KVÍNA VÆGA STÚKAR						5	BAK- MELGI FOR- VELDIR	
MÁL- URINN HOLL- VÆTTIR	+							16
LEGGJA Í IS	33		HINIR KORN				ENDING FÆÐA	29
FLÝT- IS	+		SAMTÖK		SNALL BEINIÐ	21		FSALL
GÚLP- URINN	30				SKYN- SEMI SKÝC	8	HUGUR- INN	15
SVELL- URINN				BÖÐL- ADIST SNAV- IR			35	
BEIN TRILLT	34			TALIN INROTIN FELAG				
RUGLA		HEGNIR DOLLA					FALM- EFNI SUND	24
KISTA	11		HUGBOD SLETTU	12		VANTAR SIGAD		MYRK- UR
MAGRA ZEINS		36			FÆÐI	LENGDAR FINING DEYKK- UR	23	
AF- UNDNA SADDI								25
MANN- NAFN	22			SKRAB	26			



Verðlauna- krossgáta kr. 8000

Lausn jólakrossgátunnar var að finna í ljóði eftir Þorstein Erlingsson: „Þar kváðu við ómar og opnuðust göng sem æskan var búin að gleyma.“ Að venju voru lausnir fjölmargar og sú heppna var að þessu sinni **Valborg Þórey Styrkársoðttir** nemi og starfsmaður í Mosfellsbakaríi. Hún hefur fengið verðlaunin að upphæð kr. 12.000.

Þá er hér ný gáta til lausnar. Höfundur gefur þá vís-
bendingu að lausnin sé málsháttur. Síðasti mót-
tökudagur lausna er 18. febrúar nk. Vinsamlegast
látið kennitölu fylgja lausnum og skrifíð
„krossgáta“ utan á umslagið.

Utanáskriftin er: VR-blaðið, Húsi verslunarinnar,
Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda
lausnina á netfangið vr@vr.is

Hvað gerðist 2003?

Janúar

Hugað var að kjarasamningum og almennri stefnumótun á Nýársfundi VR þann 9. janúar enn hann sátu alls um 160 manns. Auk þess voru kynntar hugmyndir að nýrri markmiðssetningu og skipulagi félagsstarfsins. Í janúar gaf Persónuvernd það álit að Vinnuveitanda væri óheimilt að skoða tölvupóst starfsmanna. VR fagnaði þessu og taldi að niðurstaða Persónuverndar eyddi þeirri óvissu sem ríkt hefði um notkun tölvupósts í fyrirtækjum. Sendar voru í janúar nær 14.000 orlofsávisanir í póst til félagsmanna.

Febrúar

VR tók þátt í Framadögum í byrjun febrúar en þar er atvinnulífið kynnt fyrir útskriftarnemendum. Fjölmargir morgunfundir voru haldnir með félagsmönnum í þeim tilgangi að koma til móts við óskir og ábendingar félagsmanna og til þess að stuðla að meiri samheldni og virkni innan félagsins. Yngstu félagsmönnum var boðið sérstaklega á fund en í febrúar hófst undirbúningur viðamikillar auglýsingaerferðar félagsins fyrir yngsta hópinn innan VR. Þá hófust fjölmörg námskeið fyrir félagsmenn í boði VR.

Mars

Um miðjan mars var veittur lokaverkefnastyrkur VR í þriðja sinn. Styrkinn hlutu að þessu sinni tveir nemendur í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík þær Ásgerður Ósk K. Jakobsdóttir og Dagný Jónsdóttir fyrir verkefnið: Rannsókn á starfsmannaveltu í matvöruverslunum. Aðalfundur VR var haldinn 31. mars nk. á Nordica Hotel. Fundurinn samþykkti fyrir sitt leyti að sameinast Verslunarmannafélagi Akraness.

Apríl

VR og Morgunblaðið gengu í apríl frá kjarasamningi vegna blaðbera. Samningurinn staðfestir öll kjarasamningsbundin réttindi blaðbera. Þá fóru 30 ungir VR-ingar á tónleika með Scooter þann 11. apríl en ungir félagsmenn gátu lagt nafn sitt í pott og áttu þá möguleika á miða.

Mái

Að venju var félagsmönnum boðið til kaffisamsætis á Hótel Íslandi að loknum útifundinum á Ingólfstorgi þann 1. maí. Um miðjan mánuð lýsti stjórn VR undrun sinni á nýgengnum úrskurði Kjaradóms um launakjör þingmanna. Fyrirtæki ársins voru að þessu sinni Háskólinn í Reykjavík og Melabúðin.

Júní

Að venju bauð VR eldri félagsmönnum sínum til kaffisamkomu á uppstigningardag og þáðu á sjötta hundrað manns boðið. Aðalræðumaður dagsins var Guðmundur H. Garðarsson.

Júlí

VR blaðið kom út í fyrsta sinn í júlí í nýju útliti. Yfir tvö hundruð manns voru á vegum VR á Spáni sumarið 2003 en VR hafði yfir að ráða nokkrum orlofsíbúðum í Torrevieja á suðurströnd Spánar fyrir félagsmenn. Alls fengu um 60 félagsmenn úthlutað orlofsíbúð á Spáni.

Ágúst

Annað árið í röð efndi VR til opins golfmóts laugardaginn fyrir frídag verslunarmanna á velli GR í Grafarholti. Alls tóku 114 golfarar þátt.

Þá sóttu rúmlega átta þúsund manns fjölskylduhátíð á frídegi verslunarmanna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Í lok ágúst stóðu VR og LÍV fyrir ráðstefnu um mikilvægi alþjóðasamstarfs á Hótel Nordica. Meðal gesta voru formaður og framkvæmdastjóri UNI, alþjóðasamtaka stéttarféлага í verslun og þjónustu.

September

Rúmlega annar hver félagsmaður VR sem fór í launaviðtal á síðasta ári fékk launahækkun sem nam að meðaltali 11%. Hlutfallslega fleiri konur en karlar fengu launahækkun eftir launaviðtal skv. niðurstöðum könnunar sem gerð var um launaviðtalið. Niðurstöður launakönnunar VR árið 2003 sýna að þær áherslur sem félagið lagði fram í kjarasamningum árið 2000 hafa skilað árangri. Þar kom fram að munur á heildarlaunum karla og kvenna innan VR hefur farið úr 29% árið 1999 í 22% í ár. Að teknu tilliti til starfs, aldurs, starfsaldurs og yfirvinnu er munurinn 14% en hann var 18% fyrir fjórum árum. VR gerði í september kjarasamning við Neyðarlínuna sem byggir á nýju vinnufyrirkomulagi, s.k. Time care vaktakerfi. Þetta er í fyrsta sinn sem félagið gerir slíkan samning. Þá varð vart við aukingu í uppsögnum á þunguðum konum eða konum í fæðingarorlofi. Fjölmörg námskeið hófust fyrir félagsmenn í september.

Október

Skrifað var undir samstarfssamning við Félag viðskipta- og hagfræðinga sem miðar að því að efla viðskipta- og hagfræðimenntaða félagsmenn VR og styrkja starf FVH. Á ársfundi ASÍ var Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, form. LÍV, kosin varaforseti ASÍ. Ingibjörg hlaut 50,23% atkvæða. Þá var Neyðarlínan dæmd fyrir að brjóta jafnréttislögin á félagsmanni VR og lagt var upp í herferð til að fjölga trúnaðarmönnum á vinnustöðum.

Nóvember

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi verslunareiganda í Reykjavík til að greiða félagsmanni VR um 1,2 milljónir króna í bætur en félagsmanninum, sem er kona, var sagt upp störfum eftir um tveggja og hálfis mánaða starf. Uppsögnin var dæmd ólögæt þar sem konan var ófrísk. Í nóvember afréð félagið að annast mál blaðbera hjá DV sem fengu uppsagnarbréf við gjaldþrot DV. Tæplega 400 blaðberar fengu ekki greidd laun fyrir október og þurftu því að lýsa kröfu í þrotabú DV. Þá auglýsti félagið eftir áhuga félagsmanna á að leigja lóðir undir orlofshús að Stóra Kambi á Snæfellsnesi. Um miðjan nóvember var 24. þing LÍV og þar var lögð áhersla á stöðugleika og sérstaka hækkun lægstu launa. Sameining VR og Verslunarmannafélags Akraness, VA, var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða í póstkosningu meðal félagsmanna VA.

Desember

Nokkur hundruð manns tóku þátt í útifundi á Austurvelli þar sem frumvarpi til laga um kjör ædstu ráðamanna var harðlega mótmælt. Þá efndi félagið til auglýsingaerferðar vegna hvíldartíma í desember.



Við erum með minnstu bumburnar

VR styður félagsmenn sína til að efla heilsuna og halda kroppnum í góðu formi. Næst þegar þú kaupir kort í líkamsræktarstöð getur þú fengið endurgreiðslu úr sjúkrasjóðnum fyrir hluta af verðinu.

Félagsmenn VR eiga einnig kost á endurgreiðslu úr sjúkrasjóði félagsins fyrir hluta af kostnaði vegna kaupa á líf- og sjúkdóma-tryggingum, heyrnartækjum, gleraugum og ýmsu öðru sem tengist heilsunni.

Leitaðu frekari upplýsinga á vr.is eða á skrifstofu VR í síma 510 1700.



Starf okkar
effir
þitt starf

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

